


Akureyrbær  
Anna Bragadóttir,  
fulltrúi skipulagsmála  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. mars 2009  
Tilvisun: UST20090100113/áb

### Breyting á aðalskipulagi. Malbikunarstöð á Glerárdal

Vísað er til erindis Akureyrbæjar, dagsett þann 14. janúar 2009, um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2008-2018, þar sem skilgreint er á skipulagsupprætti af iðnaðarsvæði malbikunarstöðvar á Glerárdal.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

Malbikunarstöðin er á svæði sem er á náttúruminjaskrá. Samkvæmt náttúruminjaskrá er svæðið "(1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar" .

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 23. grein náttúruverndarlaga nr. 44/1999 er óheimilt að setja niður "girðingu á vatns-, ár- eða sjavarbakka þannig að það hindri umferð gangandi manna" . Því ætti að gera ráð fyrir gönguleið meðfram Glerá.

Það vekur athygli að raskað svæði virðist aðeins umfangsmeira á loftmynd en er tilgreint á skipulagsupprættinum. Ef allt raskað svæði tilheyrir malbikunarstöðinni telur Umhverfisstofnun að það eigi að koma fram á skipulagsupprættinum.

Virðingarfyllst

Ásgeir Björnsson  
sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson  
deildarstjóri